

Pétur Davíðsson

From: Jón Eiríkur Einarsson
Sent: föstudagur, 3. október 2025 11:18
To: Pétur Davíðsson; Óli Rúnar Ástþórsson; Kristín Jónsdóttir; Guðný Elíasdóttir
Cc: Sigrún Guttormsdóttir Þormar
Subject: Fw: Skýrsla kjörnefndar og vinnuframlag nefndarmanna,
Attachments: Fjola vinna..xlsx; Ólafur Pálsson vinna.xlsx; Skýrsla kjörnefndar endanleg.docx; Sveinbjörn vinna fyrir kjörnefnd.xlsx; Vinna Sóley..xlsx; Tímaskráning Óla Rúnars..xlsx

Senta úr [Outlook fyrir Android](#)

Frá: Sveinbjörn Eyjólfsson <bull@bondi.is>
Sent: fimmtudagur, október 2, 2025 3:42:16 e.h.
Til: Guðveig Eyglóardóttir <gudveig.eygloardottir@borgarbyggd.is>; Borgarbyggð sveitarstjóri <sveitarstjori@borgarbyggd.is>; Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>; Þórunn Unnur Birgisdóttir <thorunn.birgisdottir@borgarbyggd.is>; Lilja B. Ágústsdóttir <lilja.agustsdottir@borgarbyggd.is>
Efni: Skýrsla kjörnefndar og vinnuframlag nefndarmanna,

Sæ öllsömul.

Í trússi er að finna skýrslu kjörnefndar fyrir sameiningarkosningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps ásamt yfirliti yfir vinnuframlagi, fundarsetu og akstri.

Skýrslan var klár í síðustu viku og samþykkt af öllum nefndarmönnum í tölvupóstum.

Ástæða þess að ég sendi hana ekki strax í síðustu viku var að ég vildi senda yfirlit yfir vinnu og fundarsetu nefndarmanna samhliða.

Það dróst aðeins að fá þau gögn en nú eru þau öll komin.

Það skal viðurkennt að ég áttaði mig ekki á mikilvægi þess að úrslit yrðu tilkynnt sérstaklega með þessari skýrslu, ekki síst vegna þess hversu úrslitin voru afgerandi. Það skal þó tekið fram að forystu beggja sveitarfélaga var tilkynnt um úrslit um leið og þau lágu fyrir. Einnig fengu fjölmiðlar upplýsingar um stöðuna. Enginn átti því að velkjast í vafa um hvernig kosningin fór

Þessu til viðbótar skal tilkynnt að 18. september sátu Ásbjörn Pálsson og Heiða Helgadóttir í Lyngbrekkukjördeild. Ólöf Guðmundsdóttir og Álfheiður Sverrisdóttir í Kleppjárnsreykjakjördeild og Erla Gunnlaugsdóttir, Brynjólfur Guðmundsson og Guðmundur Finnsson í Þinghamarskjördeild. Þann 20. september sátu Finnbogi Rögnvaldsson, Einar G. Pálsson og Sigrún Halla Gísladóttir í Borgarneskjördeild. Guðmundur Jónsson var með þeim sem dyravörur meðan á kosningu stóð.

Kveðja Sveinbjörn Eyjólfsson

Skýrsla kjörnefndar um sameiningarkosningu Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar fól yfirkjörstjórn sveitarfélagsins að vinna að kosningu um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps í samræmi við 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar. Skorradalshreppur kaus tvo fulltrúa til að vinna að kosningunni. Fulltrúar Borgarbyggðar er Sóley Sigurpórsdóttir, Ólafur Pálsson og Sveinbjörn Eyjólfsson. Fulltrúar Skorradalshrepps eru Fjóla Benediktsdóttir og Óli Rúnar Ástþórsson

Nefndin kom fyrst saman 27. júní og hefur alls haldið 7 bókaða fundi samkvæmt meðfylgjandi fundargerðum. Þar fyrir utan hefur nefndin hist á fundum sem færðir hafa verið til bókar í gjörðabókum sveitarfélaganna. Nefndi byrjaði á að skipta með sér verkum. Sveinbjörn Eyjólfsson var kosinn formaður og Fjóla Benediktsdóttir ritari.

Að mörgu er að hyggja við íbúakosningar þannig að vel fari og ýmsar vörður sem þarf að virða, svo sem auglýsingar á dagsetningum, bréf til þjóðskrár vegna kjörskrár, fá samþykkt ráðuneytis fyrir gerð og útlit kjörseðils og fleira. Í góðu samstarfi tókst nefndinni að gera þetta og ekki má gleyma aðstoð frá Jóni Hróa Finnssyni hjá KPMG. Þá var Þórunn Unnur Birgisdóttir nefndinni til aðstoðar, sérstaklega þegar leið á kosningu.

Kosning hófst föstudaginn 5. september.

Í Borgarbyggð var kosið alla virka frá 5. til og með 19. september. Kjörstaður var í ráðhúsi Borgarbyggðar Digranesgötu 1. Opnunartími þann 5. september var frá kl 10:00 til kl. 14:00. Alla aðra virka daga var hægt að kjósa í ráðhúsinu frá kl 12:00 til kl 14:00.

Föstudaginn 5. september voru það Sóley Sigurpórsdóttir og Ólafur Pálsson sem stýrðu kosningu í ráðhúsinu. Aðra virka daga var það Sóley sem stýrði kosningu, ásamt starfsmanni á skrifstofu Borgarbyggðar.

Fimmtudaginn 18. september voru opnaðir kjörstaðir í Lindartungukjördeild milli kl 18:00 og 20:00 og í Þinghamarskjördeild og Kleppjárnsreykjakjördeild milli kl 16:00 og 20:00. Undirkjörstjórnir viðkomandi kjördeilda sáu um kosningu í hverri deild. Þessar kjörstjórnir ásamt kjörstjórn Borgarneskjördeildar komu á fund í ráðhúsi miðvikudaginn 17. september og tóku við kjörgögnum hjá kjörnefndinni, sem síðan voru notuð í kosningum 18. og 20. september. Þá kom í ljós að það vantaði gjörðabók fyrir Þinghamarskjördeild. Þrátt fyrir leit fannst hún ekki í ráðhúsinu. Var þá hringt í formann yfirkjörstjórnar í norðvestur kjördæmi ef vera skyldi að hún hafi fylgt öðrum gögnum eftir alþingiskosningar á s.l. ári. Þar fannst hún og var keyrð til okkar í snatri og Sveinbjörn færði hana svo um kvöldið Brynjólfi Guðmundssyni í Hlöðutúni

Föstudaginn 19. september var opnuð fyrir hádegi kjördeild í Brákarhlíð fyrir heimilismenn þar. Sóley og Ólafur Pálsson sáu um þá kosningu

Kosningu í Borgarbyggð lauk svo laugardaginn 20. september þegar opinn var kjörstaður í Hjálmakletti milli kl 10:00 og 18:00. Þar gátu allir íbúar Borgarbyggðar kosið. Undirkjörstjórn Borgarneskjördeildar sá um þá kosningu.

Alla daga nema þann 18. september gátu kjósendur úr öllum kjördeildum Borgarbyggðar kosið í ráðhúsinu. Þann 18. september urðu menn að kjósa í sinni kjördeild.

Í Skorradalshreppi var kosið í Laugabúð, aðstöðuhúsinu við Hreppslaug. Þar var opið föstudaginn 5. september milli kl 10:00 og 14:00. Þann dag sáu Fjóla og Óli Rúnar um kosningu. Þá var opinn kjörstaður þar 8., 10., 15. og 18. september milli kl 16:00 og 18:00. Sóley var þar alla þá daga en Fjóla og Óli Rúnar sitt hvora tvo dagana. Að lokum var opinn kjörstaður í Laugabúð laugardaginn 20. september milli kl 10:00 og 18:00. Kjörstjórn Skorradalshrepps sá um þá kosningu.

Kjörstjórn lét prenta 3.000 atkvæðaseðla fyrir kjósendur í Borgarbyggð og 100 atkvæðaseðla fyrir Skorradalshrepp.

Á kjörskrá í Borgarbyggð voru 3.137 og í Skorradalshreppi 61.

Í Borgarbyggð kusu 501 kjósendur á kjörstöðum og einn kaus í póstkosningu, eða 16% kjósenda. Einn kjörseðill eyðilagðist við kosningu og fékk viðkomandi kjósandi annan kjörseðil. Þá skilaði sér ekki til baka einn kjörseðill sem sendur var með pósti. Atkvæði féllu þannig að 417 sögðu já eða 83,2% en 82 sögðu nei eða 16,4%. Tveir seðlar voru auðir en enginn ógildur.

Í Skorradalshreppi kusu 50 á kjörstað en fjórir kusu með póstkosningu, eða 88,5% kjósenda. Atkvæði féllu þannig að 32 sögðu já eða 59,3% en 22 sögðu nei eða 40,7%.

Sameiningin var því samþykkt í báðum sveitarfélögum af góðum meirihluta kjósenda.

Með vísan í ofangreint eru því 46 ónýttir kjörseðlar í Skorradal og 2497 ónýttir kjörseðlar í Borgarbyggð.

Kjörgögn voru alltaf geymd í læstri geymslu í skrifstofu Borgarbyggðar, þegar ekki var verið að kjósa. Sóley Sigurpórsdóttir fulltrúi í kjörstjórn tók að sér að stýra og sjá um kosningu í ráðhúsi Borgarbyggðar. Þá sá hún einnig um kosningu í Laugabúð í Skorradal, nema fyrsta og síðasta daginn. Með henni í ráðhúsi var starfsmaður Borgarbyggðar en Óli Rúnar Ástþórsson og Fjóla Benediktsdóttir voru með henni til skiptis í Laugabúð. Kjörgögn Skorradals voru einnig geymd í læstum hirslum Borgarbyggðar á milli kjörfunda.

Eftir að kjörfundi lauk í þremur kjördeildum Borgarbyggðar fimmtudaginn 18. sept. komu tveir úr hverri kjördeild í ráðhúsið með kjörgögn og kjörkassa. Tekið var á móti þeim þar og kjörgögn sett í læsta geymslu og ekki hreyfð fyrr en við talningu á laugardagskvöld.

Enginn kjósandi þurfti aðstoðarmann við kosningu.

Kl 17:00 laugardaginn 20. september, voru kjörkassar úr þremur kjördeildum, frá 18. sept., fluttir úr ráðhúsi í Hjálmaklett. Gætt var að innsiglium og hafði ekkert verið átt við kassana.

Talning fór fram í Hjálmakletti og hófst kl 19:00 með því að stemma af atkvæði í hverjum kassa við kjörskrár og gerðabækur. Allt reyndist stemma og engin athugasemd gerð við framkvæmd. Þá voru atkvæði talin, fyrst úr Borgarbyggð og síðan úr Skorradal. Allir 5 kjörnefndarmenn voru við talningu ásamt 6 aðilum sem fengnir voru í talningu. Talning gekk fljótt og vel og var lokið fyrir kl. 20:00. Öll atkvæði voru talin gild og engin úrskurðað ógild. Einungis 2 atkvæði voru auð.

Eftir að talningu lauk var farið með öll kjörgögn í ráðhús Borgarbyggðar og þau sett í læsta hirslu.

Í stuttu máli má segja að öll framkvæmd kosninga hafi gengið vel og ekkert komið upp á sem deilt var um. Þá vann nefndin vel saman og traust ríkti hjá nefndarmönnum.

Rétt er að geta þess að fyrstu kjörskrár sem komu frá Þjóðskrá voru ekki allskostar réttar. Þess vegna gaf Þjóðskrá út nýjar kjörskrár. Fyrir Borgarbyggð voru þær ekki mjög ólíkar en öðru máli gegndi um kjörskrá Skorradalshrepps. Þar höfðu orðið breytingar. Kom í ljós að fjölgað hafði nokkuð kjósendum þar. Í framhaldi af því kom umræða um réttmæti þeirra breytinga og voru bæði Þjóðskrá og Innviðaráðuneyti send bréf og „kæur“. Kjörnefnd fylgdist með úr fjarlægð en átti ekki neina beina aðkomu að því máli. Bæði Þjóðskrá og ráðuneyti afgreiddu málið og það varð ekki til að breyta kosningu eða kosningarétti.

Allnokkur vinna fylgdi kjörnefndarstörfum, bæði vegna funda og svo framkvæmd kosninga. Skýrslu þessari fylgir yfirlit frá nefndarmönnum fyrir vinnuframlag.

Nú er einungis eftir að eyða kjörgögnum en það verður ekki gert fyrr en kærufrestur er útrunninn.

Yfirlit yfir kosningu í hverri kjördeild.

Lindartungukjördeild fékk 100 kjörseðla. 7 kusu. Ónýttir seðlar voru 93

Þinghamarskjördeild fékk 300 kjörseðla, 20 kusu. Ónýttir seðlar voru 280.

Kleppjárnsreykjakjördeild fékk 400 kjörseðla. 71 kaus. Ónýttir seðlar 329

Borgarneskjördeild fékk 500 kjörseðla. 214 greiddu atkvæði. 286 Ónýttir seðlar.

Ráðhúskjördeild og Brákarhlíð fékk 300 kjörseðla. 188 greiddu atkvæði á þeim stöðum. 2 seðlar voru sendir kjósendum og einn ónýttist. Ónýttir seðlar voru því 109.

1400 kjörseðlar fóru aldrei úr húsi og voru allan tíman geymdir í innsigliðum kassa.

Samtals eru því 2.497 kjörseðlar ónýttir og í vörslu kjörnefndar.

Borgarfirði / 2025

Sveinbjörn Eyjólfsson

Fjóla Benediktsdóttir

Sóley Sigurþórsdóttir

Óli Rúnar Ástþórsson

Ólafur Pálsson

Vinna fyrir kjörnefnd,

dagsetningar.		klst,	Akstur
7 bókaðir fundir, sjá fundargerðir.		?	40
Ótal verkefni sem kannski voru unnin ofan í aðra vinnu. Leyfi mér að nefna minnisblað um framkvæmd kosninga, pöntun innsigla, bréfa skriftir vegna kjörseðla og kjörskrár, undirbúning funda, tryggja húsnæði fyrir kjörfund og ýmis gagnaöflun		10	0
júlí og ágúst	25.ágú Heimsókn til Olgeirs til að fara yfir gerð kjörseðla	1	20
	4.sep Sóttir kjörseðlar til Olgeirs Helga og þeir settir í geymslu	1,5	20
	4.sep Fundur í ráðhúsi þar sem kjörgögnum fyrir ráðhús og Laugabúð var úthlutað.	1	20
	17.sep Fundur með kjörstjórnnum. Úthlutun kjörgagna og fl.	2	20
	17.sep Bíltúr með gjörðabók	1	57
	18.sep Heimsókn í Þinghamar og Kleppjárnsreyki. Leyst af á Kleppjárnsreykjum	2	57
	18.sep Fundur í ráðhúsi. Tekið við kjörgögnum frá kjörstjórnnum	2	20
	20.sep Kjördagur. Viðvera í Hjálmakletti, Ferð í Laugabúð. Gengið frá kjörgögnum	8	40 Fór heim og hvíldi mig .
		18,5	294

Óli Páls

Fundir

Akstur á Hvanneyri

framkvæmd kosninga Ráðhús

framkvæmd kosninga Dvaló

framkvæmd kosninga MB

5 ferðir x 26 km

5.sept

19.sept.

20.sept.

Fundir

klst.

Km eknir

9

4,5

2

10

9**16,5**

130

130

Vinna við sameiningakosningar		Sóley							
	Kjörstórn sameining.		Fundir kjörstjórnir og atkv.seðlar		Akstur Tungulækur Borgarnes	Tungulækur			
Fundir	1. fundur	27.jún	5.sep	Fundir	14 km x 7	98 km			
	2.fundur	17.júl	17.sep						
	3.fundur	23.júl		kjörstaðir	Akstur 15x14	210			
	4.fundur	6.ágúst.		Kjördagur	1x14	14			
	5.fundur	18.ágú							
	6.fundur	1.sep				Alls	322km		
	7.fundur	23.sep.							
	Alls fundarseta	9 fundir							
Viðvera á kjördag		11.5 klst	Borgarnes/Skorradalu	41,5	53 klst.				
Vinna á kjörstað	Borgarnes	5.sept.	kl 10 til 14	+ 30 mín frágangur	4,5	Vinna á kjörstað	Skorradalur		Akstur 15x14
		8.sep	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5		16- 18	+ 30 mín frágangur	2,5
		9.sep	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5				
		10.sep	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5		16-18	+ 30 mín frágangur	2,5
		11.sept.	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5				
		12.sep	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5				
		15.sep	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5		16 - 18	+ 30 mín frágangur	2,5
		16,sept	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5				
		17,sept	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5				
		18.sep	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5		16-18	+ 30 mín frágangur	2,5
		19.sep	12 til 14	+ 30 mín frágangur	2,5				
Brákarhlíð		19.sep	10 til 11.30	+ 30 mín frágangur	2			10 klst	
					31.5 klst				Alls 41,5

Fjóla Benediktsdóttir

Mófellsstaðakot, 311 Borgarnes

Kennitala: 1608725789

0354 - 26 -005789

Sími: 847-7725

REIKNINGUR

Vegna **Vinna við sameiningarkostninar**

Dags.	Vöruheiti		magn	Ein.verð	Upphæð
27.jún	1. fundur		1		
17.júl	2.fundur		1		
23.júl	3.fundur		1		
6.ágúst.	4.fundur		1		
18.ágú	5.fundur		1		
1.sep	6.fundur		1		
23.sep.	7.fundur		1		
5.sep	Fundur kjörstjórnar og afhending kjörgagn		1		
17.sep	Fundur kjörstjórnar og afhending kjörgagn		1		
	Samtals fundir		9		
5.sep	Vinna á kjörstað + frágar 10-14:30		4,5		
8.sep	vinna á kjörstað + frágar 15:30-18:30		3,0		
15.sep	vinna á kjörstað + frágar 15:30-18:31		3,0		
20.sep	kjördagur 18:30-20:30		2,0		
	Samtals tímar		12,5		
20.sep	Kjördagur		1,0		
	Akstur vegna funda	6x18	108km		
	Akstur vegna kosninga	4x30	120 km		

Óli Rúnar Ástþórsson.

Dags.	Efni	Fjöldi funda	Fjöldi aukafunda	Klst.	Akstur/km
27.06.25	Fundur í kjörstjórn	1			10,00
17.07.25	Fundur í kjörstjórn	1			0,00
23.07.25	Fundur í kjörstjórn	1			0,00
06.08.25	Fundur í kjörstjórn	1			10,00
18.08.25	Fundur í kjörstjórn	1			10,00
01.09.25	Fundur í kjörstjórn	1			10,00
05.09.25	Seta í Laugarbúð			2,50	34,00
10.09.25	Seta í Laugarbúð			2,50	34,00
17.09.25	Útdeiling kjörgagna		1		34,00
18.09.25	Seta í Laugarbúð			2,50	34,00
20.09.25	Talning		1		34,00
23.09.25	Fundur í kjörstjórn	1			34,00
		7	2	7,50	244,00